

Er sorphirða enn greidd úr sameiginlegum sjóðum, þrátt fyrir ákvæði laga?

Samkvæmt 23. gr. laga nr. 55/2003 skulu sveitarfélög „*innheimta gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs. Jafnframt er sveitarfélögum heimilt að innheimta gjald fyrir tengda starfsemi sem samræmist markmiðum laganna, svo sem þróun nýrrar tækni við meðhöndlun úrgangs, rannsóknir, fræðslu og kynningarmál*“. Í 23. gr. laganna segir einnig: „*Gjald sem sveitarfélag eða byggðasamlag innheimtir skal þó aldrei vera hærra en nemur þeim kostnaði sem fellur til í sveitarfélaginu við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi*“.

Samkvæmt þessu ber sveitarfélögum að innheimta gjöld af úrgangshöfum sem stendur undir öllum kostnaði málaflokksins en ekkert umfram það. Sveitarfélögum er að sama skapi óheimilt að greiða þennan kostnað úr sameiginlegum sjóðum (útsvör, fasteignagjöld o.s.frv.).

Svo virðist sem langflestar sveitarstjórnir á Íslandi brjóti gegn því ákvæði laganna að gjald skuli innheimt fyrir **alla** meðhöndlun úrgangs. Eftirfarandi tafla sýnir kostnað sveitarsjóða vegna meðhöndlunar úrgangs árið 2015, reiknaðan í krónur á hvern íbúa. Tölurnar eru fengnar úr ársreikningum sveitarfélaga sem birtir eru á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga og sýna nettóniðurstöðu í málaflokki „**08-2 Sorphreinsun og sorpeyðing**“. Í einhverjum tilvikum hafa tekjur og gjöld vegna málaflokksins verið að einhverju eða öllu leyti færð á aðra (ranga) bókhaldslykla. Þetta skekkir samanburð í einstaka tilvikum en hefur ekki mikil áhrif á heildarmyndina.

Eins og sjá má á töflunni greiddu sveitarfélög í einhverjum tilvikum rúmlega 50.000 kr. á hvern íbúa með málaflokknum árið 2015, en þess eru einnig dæmi að málaflokkurinn hafi skilað rúmlega 5.000 kr. afgangi á hvern íbúa. Hvort tveggja er í raun óheimilt. Augljóslega getur niðurstaðan aldrei staðið nákvæmlega á núlli en eðlilegt er að túlka lögin svo að sveitarstjórnnum beri að sjá til þess að gjöldin séu sem næst meðalraunkostnaði við þá þjónustu sem veitt er, t.d. yfir þriggja ára tímabil.

Tafla 1. Framlög úr sveitarsjóðum til sorphreinsunar og sorpeyðingar 2015 skv. ársreikningum sveitarfélaga
(Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga. <http://www.samband.is/verkefningin/fjarmal-sveitarfelaga/arsreikningar/>).

Framlög úr sveitarsjóðum til sorphreinsunar og sorpeyðingar 2015	
Sveitarfélag	Framlag kr/íbúa
3713 Eyja- og Miklaholtshreppur	54.275
7505 Fljótsdalshreppur	50.878
4911 Strandabyggð	48.033
3710 Helgafellssveit	39.618
5612 Húnavatnshreppur	29.560
1606 Kjósarhreppur	28.241
8720 Skeiða- og Gnúpverjahreppur	26.651
6611 Tjörneshreppur	26.408
4901 Árneshreppur	23.164
5611 Skagabyggð	22.098

6601 Svalbarðsstrandarhreppur	20.641
8509 Skaftárhreppur	18.600
3811 Dalabyggð	18.462
6602 Grýtubakkahreppur	17.732
5706 Akrahreppur	17.210
8610 Ásahreppur	16.835
5609 Sveitarfélagið Skagatrönd	16.789
5508 Húnaþing vestra	16.082
6706 Svalbarðshreppur	14.889
7708 Sveitarfélagið Hornafjörður	14.660
6515 Hörgársveit	14.498
4502 Reykhólahreppur	13.741
7509 Borgarfjarðarhreppur	13.540
7000 Seyðisfjarðarkaupstaður	12.775
8613 Rangárþing eystra	12.501
8508 Mýrdalshreppur	12.066
8721 Bláskógabyggð	11.965
6513 Eyjafjarðarsveit	11.481
5604 Blönduósþéttbær	10.919
3511 Hvalfjarðarsveit	10.868
5200 Sveitarfélagið Skagafjörður	10.030
8719 Grímsnes- og Grafningshreppur	9.168
6709 Langanesbyggð	9.064
6100 Norðurþing	8.782
8614 Rangárþing ytra	8.759
6400 Dalvíkurbyggð	8.540
4604 Tálknafjarðarhreppur	7.996
7620 Fljótshálsa	7.537
4100 Bolungarvíkurkaupstaður	6.368
8717 Sveitarfélagið Ölfus	5.835
6250 Fjallabyggð	4.748
8722 Flóahreppur	4.310
7613 Breiðdalshreppur	4.276
6612 Þingeyjarsveit	4.110
3714 Snæfellsbær	3.945
1300 Garðabær	2.291
1604 Mosfellsbær	1.794
3711 Stykkishólmsbær	1.733
8000 Vestmannaeyjabær	1.676
4200 Ísafjarðarbær	1.653
1100 Seltjarnarneskaupstaður	1.063
4607 Vesturbyggð	1.011
8200 Sveitarfélagið Árborg	763

0000 Reykjavíkurborg	503
8716 Hveragerðisbær	492
2300 Grindavíkurbær	467
2000 Reykjanesbær	396
2503 Sandgerðisbær	196
1400 Hafnarfjarðarkaupstaður	176
3000 Akraneskaupstaður	116
2506 Sveitarfélagið Vogar	-77
6000 Akureyrarkaupstaður	-149
2504 Sveitarfélagið Garður	-257
1000 Kópavogsbær	-791
6607 Skútustaðahreppur	-2.018
7617 Djúpavogshreppur	-2.646
4902 Kaldrananeshreppur	-4.563
4803 Súðavíkurhreppur	-4.930
8710 Hrunamannahreppur	-5.556
7502 Vopnafjarðarhreppur	-5.659
3609 Borgarbyggð	
3709 Grundarfjarðarbær	
7300 Fjarðabyggð	

Tekið saman 25. ágúst 2017

Stefán Gíslason,
Environice